

eigandi sýslumanni að tilkynna Pjetri Þorsteinssyni á Grund, að hann ekki gæti haldið hreppstjórninni, nema því að eins, að hann hreinsaði sig með dómi af áburði þeim, er staðið hafði í 3. tölubl., 36. árg. Þjóðólfs, þá virðist ekki vera ástæða til að hann víki úr dómarsæti sínu í þessu máli.

Þvi úrskurðast:

Krafa áfrýjanda, Jóns ritstjóra Ólafssonar, um, að yfirdómari Magnús Stephensen viki úr dómarsæti í máli þessu, verður ekki tekin til greina.

Nr. 16/1885

Rjettvísín
 gegn
 Bergi Gunnarssyni.

Dómur:

Í máli þessu, sem dæmt er í aukarjetti Suðurmúla-sýslu af hlutadeigandi hjeraðsdómara 10. septembermán. f. á., var hinn ákærði, Bergur Gunnarsson, er sakaður var um stuld á 4 síldum, dæmdur sýkn af ákæru rjettvísinnar, en honum gjört að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða, Bergs Gunnarssonar, í þessu máli löglega sannað, að hann um næturtime sumarið 1883 með höndunum tók 4 síldir úr nót, er Norðmenn áttu í sjó, hafði þær heim með sjer, og hagnýtti sjer þær.

Þetta afbrot hins ákærða, sem komin er yfir lögaldur sakamanna, eg ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp, á undir 237. gr. hegningarlaganna, því bæði var þýfið, sem var af matartagi, lítilsvirði, 20 aurar, enda atvikunum við þessa síldartöku svo sjerstaklega háttað, eð verkið ekki var nærri því eins saknæmt og þjófnaður almennt, og ber því, með því að mál þetta var höfðað án þess að sá, sem misgjört var við, hefði krafizt þess, að sýkna hinn ákærða af ákæru rjettvisinnar í þessu, máli og virðist málskostnaður allur eiga að greiðast úr opinberum sjóði, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur að vísu orðið nokkuð seinfara, en þó ekki svo, að sök sje á gefandi. Á hinn bóginn eru hjeraðsdómsgjörðirnar svo illa úr garði gjörðar, að ástæða þykir til að brýna fyrir hjeraðsdómaranum að vanda þær betur eptirleiðis. Loks skal þess getið, að hinn ákærði hefur verið nokkra daga í varðhaldi án þess að reglulegur varðhaldsúrskurður hafi verið kveðinn upp yfir honum. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Bergur Gunnarsson, á að vera sýkn af ákæru rjettvisinnar í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflytningsmannanna Franz Siemens og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors, greiðist af almannaþje.